

47. fundur

Hafnarnefnd Stykkishólms hélt fund þriðjudaginn 28. mars 2006 kl. 17:00 í Ráðhúsinu. Mætt voru Símon Már Sturluson, formaður, Björgvin Guðmundsson, Guðbrandur Björgvinsson, Kristinn Ó. Jónsson, Hrannar Pétursson, hafnarvörður og Erla Friðriksdóttir, bæjarstjóri sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fund og stjórnaði.

1. Ársreikningur hafnarinnar fyrir árið 2005.
Ársreikningur lagður fram og kynntur.
2. Viðlega nýrrar ferju.
Lagður fram tölvupóstur, dags. 21. mars 2006 um hafnarbætur vegna nýrrar ferju frá Sæferðum. Erindið hefur verið lagt fyrir Siglingastofnun og nefndin mun fara að tillögum þeirra þegar þær liggja fyrir.
3. Framtíðarsýn Stykkishólmshafnar.
Lagt til að tilnefnd verði þriggja manna nefnd til að vinna og móta framtíðarsýn Stykkishólmshafnar.
4. Gjaldskrá hafnarinnar.
Samþykkt að bæta við gjaldskrá gjaldi vegna gestabáta og lágmarks rafmagnsgjaldi 300 kw. stundir án mælis.

Fundargerð upplesin og samþykkt.
Fundi slitið kl. 18.50.

Erla Friðriksdóttir (sign.),
Björgvin Guðmundsson (sign.),
Hrannar Pétursson (sign.),
Guðbrandur Björgvinsson (sign.),
Kristinn Ó. Jónsson (sign.),
Símon Sturluson (sign.).

Íhs.